

Tækniskólinn ehf, skóli atvinnulífsins (TS), kt. 531202 3410 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:

1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig TS uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

2. Hlutverk og megináherslur

TS er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi TS þjóna því.

TS er með vottað gæðakerfi ISO 9002 og er Rekstrarhandbók hluti af vottuninni. Rekstrarhandbókin inniheldur viðamiklar upplýsingar um alla starfsemi skólans og vinnuferla og er aðgengileg á eftirfarandi slóð, 08/03/2012: <http://handbok.tskoli.is/>

Hlutverk

Sérstakt hlutverk Tækniskólans er að mennta eftirsóttá handverks- iðnaðar- tækni-, vélstjórnar-, skipstjórnar, flug- og sjávarútvegs menn til starfa í íslensku jafnt sem alþjóðlegu umhverfi bæði til sjós og lands. Auk þess býður skólinn upp á stúdentspróf sem býr nemendur undir nám í háskólum og nám á starfsbraut.

Framtíðarsýn

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins verði áfram helsti verk- og tæknimenntaskóli landsins, njóti virðingar nemenda og atvinnulífs fyrir góða menntun og verði eftirsóttur vinnustaður. Tækniskólinn verði leiðandi í framboði á framhaldsmenntun að loknu starfsnámi.

TS hefur skilgreint gildi skólans og eru þau sett fram í eftirfarandi köflum:

- Menntun
- Virðing
- Fagmennska
- Framsækni

24 1 13

Í hverjum kafla er viðeigandi gildi skilgreint. Stefna skólans og gildi voru sett eftir samráðsferli innan skólans og umfjöllun stjórnar skólans og eru þau birt á heimasíðu skólans á eftirfarandi slóð, 08/03/2012: <http://www.tskoli.is/taekniskolinn/gildi-taekniskolans/>

TS hefur einnig sett fram stefnu um innra starf skólans í eftirfarandi köflum:

- Stefna í kennslu og námi
- Stefna í þróun námsbrauta
- Stefna um mannauð, ánægju nemenda og starfsmanna
- Stefnu um rekstur, skipulag og húsnæði

Í hverjum ofangreindra stefnumiða eru settir fram mælipunktur um árangur sem eru síðan mældir árlega til að sýna virkni stefnunnar.

Skipurit skólans og upplýsingar um eigendur og stjórn er að finna á heimasíðu skólans á eftirfarandi slóðum, 08/03/2012:

<http://www.tskoli.is/um-okkur/um-skolann/> og í Rekstrarhandbók skólans á slóðinni, 08/03/2012: <http://handbok.tskoli.is/> Sjá kafla 01, skjal STS-005.

Upplýsingar um stjórnendur og starfslýsingar stjórnenda er að finna á bls. 12-14 í námsvísi TS, 08/03/2012: <http://handbok.tskoli.is/openDoc.aspx?docid=5882> sem og í Rekstrarhandbók TS, 08/03/2012: <http://handbok.tskoli.is/> Sjá kafla 01, skjal STS-006

Skipulag og sérstaða

Tækniskólinn var stofnaður vorið 2008 með samruna Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands. Samkvæmt samþykktum skólans, sem eru í anda sjálfseignarstofnunar, er eigendum ekki heilmilt að taka út fjárhagslegan arð en arður eigenda felst í betur menntuðu fólki til atvinnulífsins. Rekstur skólans miðast við að skólinn sé sjálfbær.

Sérstaða Tækniskólans felst í nánnum tengslum hans við atvinnulífið í gegnum eignarhaldsfélag hans og sérstök fagráð sem tengjast öllum námsbrautum skólans. Í fagráðum sitja fulltrúar atvinnurekenda, launþega og fagkennara í hverri grein. Flestar námsbrautir Tækniskólans veita markvissan undirbúning til ákveðinna starfa jafnframt því sem þær opna leiðir til áframhaldandi náms. Skipstjórnarskólinn og Véltækniskólinn starfa eftir vottuðu gæðakerfi ISO 9110:2000 og Tækniskólinn stefnir að vottun allrar kennslu við skólann á árinu 2013.

Tækniskólinn hefur sameiginlega yfirstjórn en kennslan skiptist milli fjölda undirskóla sem hafa faglegt sjálfstæði. Það eru Byggingatækniskólinn, Fjölmenningskólinn, Flugskóli Íslands, Hársnyrtiskólinn, Hönnunar- og handverksskólinn, Raftækniskólinn, Skipstjórnarskólinn, Tæknimenntaskólinn, Tækniakademían, Upplýsingatækniskólinn og Véltækniskólinn. Tveir skólameistarar stýra Tækniskólanum en skólastjóri er yfir hverjum undirskólanna.

Námsbrautir eru samtals 50 og í boði eru að jafnaði um 800 áfangar á önn

3. Viðfangsefni

TS stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á

aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

a. Skólanámskrá og námsframboð

TS gefur út viðamikla skólanámskrá sem nefnist Námsvísir og inniheldur Námsvísirinn upplýsingar um nánast alla þætti skólastarfsins og skiptist Námsvísirinn í almennan hluta og námskrárhluata.

Námsskráin er birt á heimasíðu skólans í Námsvísi, 08/03/2012: <http://www.tskoli.is/namid/namsvisir-namsval-og-stundaskrar/>
Námsvísirinn er endurskoðaður og endurútgefinn á hverju ári.

Námsvísirinn er vistaður í rekstrarhandbók skólans með slóð frá heimasíðu TS, 08/03/2012 : <http://www.tskoli.is/namid/namsvisir-namsval-og-stundaskrar/>

Neðangreint er yfirlit yfir námsbrautarlýsingar sem hafa verið staðfestar til kennslu og eru í vinnslu með ráðuneytinu.

Námsskrágerðin í Tækniskólanum- staðan í mars 2013

Námsbrautir	Skóli	Áttunda- tugurinn	Þrettíu- tugurinn	Þrjátíu- tugurinn	Stund- skráir	Vinnu- væðing	Ástæðumáttur
Tölvubraut	Upplýsingatækniskólinn	x					
Nýbúabraut.	Fjölmenningskólinn	x					
Hársnyrtgreinar.	Hársnyrtiskólinn	x					
Raflónir.	Raftækniskólinn	x					
Fetaíðgreinar.	Hönnunar og handverksskólinn	x					
Bókband	Upplýsingatækniskólinn	x					
Grafísk miðlun	Upplýsingatækniskólinn	x					
Kvikmyndagerð	Upplýsingatækniskólinn			x			Höfum ekki ýtt eftir þessu
Ljósmyndun	Upplýsingatækniskólinn	x					
Prentsmíði	Upplýsingatækniskólinn	x					
Starfræn miðlun	Upplýsingatækniskólinn			x			Höfum ekki ýtt eftir þessu
Starfnámsbraut	Fjölmenningskólinn			x	x		Langt komin drög send MMR 01.03.13
Skipstjórn.	Skipstjórnarskólinn	x			x		Nýjar námskrár - skrifla í nýtt form
Tækniteiknum.	Byggingatækniskólinn					x	
Álmennar greinar	Tæknimenntaskólinn			x			Verður kennt eftir henni næsta haust 01.03.13
Vélastjórn.	Véltækniskólinn				x		Er í vinnslu í samvinnu við VMA
Byggingagreinar	Byggingatækniskólinn			x	x		Næstum fullunin drög farin til MMR 01.03.13
Listnámsbraut	Hönnunar og handverksskólinn				x		Sétt um á grundveili draga að námskrá 01.03.13
Gull- og silfursmíði	Hönnunar og handverksskólinn					x	
Margmiðlunarskólinn	Margmiðlunarskólinn	x					
Meistaraskólinn.	Meistaraskólinn			x			Námskrá send inn 01.03.13.
Atvinnuflugmán	Flugskólinn	x		x			Alþjóðlegar námskrár
Flugvélvirkjun	Flugskólinn	x					Alþjóðlegar námskrár

b. Skólabragur

Námsvísirinn er helsta upplýsingarit fyrir nemendur og þar koma fram allar upplýsingar um réttindi og skyldur nemenda, skólareglur, stefna um forvarnir og aðrir þeir þættir sem snerta veru nemenda í skólanum.

Lína Tækniskólans inniheldur allar praktískar upplýsingar um skólann og skólahaldið fyrir nemendur og er Línán gefin út á pappísformi og rafrænt á heimasíðunni á hverri önn. Línuna er að finna; 08/03/2012: <http://www.tskoli.is/gott-ad-vita/lina-taekniskolans/>

TS framkvæmir reglulega viðhorfskannanir á líðan, annars vegar nemenda http://www.tskoli.is/media/skiol/Nynemakonnun_haust_2012.pdf og hins vegar starfsmanna http://www.tskoli.is/media/skiol/Vidhorfskonnun_starfsmanna_vor2012.pdf og eru niðurstöður þeirra birtar á heimasíðu skólans.

Stefnu TS í forvörnum er að finna á heimasíðu skólans, 03/08/2012: <http://www.tskoli.is/gott-ad-vita/forvarnarstefna/> og í námsvísi skólans á bls. 14 og 15, 08/03/2012:

[Handwritten signature and initials]

<http://handbok.tskoli.is/openDoc.aspx?docid=5882>

Foreldraráð er í Tækniskólanum. Hlutverk þess er að styðja skólstarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Ráðið tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Foreldraráðið hefur netfangið foreldrarad@tskoli.is og heimasíðuna 03/08/2013:

<http://www.tskoli.is/taekniskolinn/foreldrarad/>

Markmið jafnréttisstefnu Tækniskólans er að tryggja að nemendur og starfsfólk sé metið að eigin verðleikum og njóti jafnréttis óháð kynferði, aldri, uppruna, kynhneigð, fötlun og öðrum félags- og persónubundnum þáttum. Tækniskólinn telur að með því að stuðla að jafnrétti fái þekking, færni og hæfileikar allra notið sín í hvetjandi og skilvirkri vinnu- og skólaumhverfi þar sem gagnkvæm virðing er höfð að leiðarljósi.

Jafnréttisstefna TS er útfærð í námsvísi sem er vistaður á heimasíðu TS, 03/08/2012:

<http://www.tskoli.is/namid/namsvisir-namsval-og-stundaskrar/>

Skólareglur TS er að finna í námsvísi sem er í námsvísi sem er vistaður á heimasíðu TS, 03/08/2012:

<http://www.tskoli.is/namid/namsvisir-namsval-og-stundaskrar/>

c. Innrítun og brotthvarf

Ýtarlegar innritunarreglur TS eru birtar í Námsvísi á bls. 15 - 21 ásamt reglum um áfangaval, reglum um skólasókn, leiðbeiningum um próf og námskröfur, og skólareglur , 08/03/2012:

<http://handbok.tskoli.is/openDoc.aspx?docid=5882>

Upplýsingar um brottfall eru birtar í ársskýrslum tækniskólans sem birtar eru á heimasíðu skólans, 08/03/2012: <http://www.tskoli.is/taekniskolinn/skyrslur/>

Undirskóli	2009	2010	2011
Dagskóli	17,11%	14,79%	15,17%
Dreifnám	21,71%	17,25%	15,87%
Samtals	17,90%	15,09%	15,27%

d. Kennslufyrirkomulag

Skólinn er áfangaskóli og skólaárinu skipt upp í tvær annir, vorönn og haustönn. Kennt er í dagskóla með hefðbundnu áfangafyrirkomulagi, verkefnastýrðu námi, einnig er kennt í lotum og með dreifnámsfyrirkomulagi.

Frekari upplýsingar um kennslufyrirkomulag, og skipulag náms í TS er að finna í Námsvísi á bls. 25-378, 08/03/2012: <http://handbok.tskoli.is/openDoc.aspx?docid=5882> sem einnig má nálgast frá heimasíðu skólans: , 08/03/2012: <http://www.tskoli.is/namid/namsvisir-namsval-og-stundaskrar/>

e. Nemendur með sérþarfir

Einn af skólum TS er Fjölmenningskólinn sem hefur það hlutverk að annast og skipuleggja nám fyrir þá sem hafa erlent tungumál sem móðurmál og hinsvegar að annast og skipuleggja nám fyrir nemendur með sérþarfir.

Upplýsingar um framangreint nám er að finna á heimsíðu skólans , 08/03/2012:

<http://www.tskoli.is/skolar/fjolmenningarskolinn> og í Námsvísi á bls. 45-46, 08/03/2012:

<http://handbok.tskoli.is/openDoc.aspx?docid=5882> ekki ástæða til að gera grein fyrir einu skóla eða námi sérstaklega

TS hefur með samningi við ráðuneytið annast umsjón og kennslu nemenda með einhverfu og fellur það undir Fjölmenningskólann.

f. Mat og eftirlit með gæðum

TS er með umfangsmikið eftirlit með gæðum og er skólinn með vottað gæðakerfi ISO 9002 og fer fram úttekt á rekstri gæðakerfisins tvisvar á ári og er úttektin unnin af Vottun ehf. sem er sjálfstæður viðurkenndur vottunaraðili ISO.

TS hefur verið tekinn út á árinu 2012 sem hér greinir:

Vottun ehf.	viðhaldsúttekt vegna gæðavottunar vor 2012
Gát sf.	heildarúttekt unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið
Siglingastofnun	úttekt vegna alþjóðakröfu STCW
EMSA	European Maritime Safety Agency vegna STCW
Vottun ehf.	viðhaldsúttekt vegna gæðavottunar haust 2012

Niðurstöður úttektanna er að finna á heimasíðu skólans, 08/03/2012: <http://www.tskoli.is/taekniskolinn/skyrslur/>

TS er með kennslumat á hverri önn fyrir allar kennslugreinar þar sem nemendur meta kennslu áfangans og eru niðurstöður kennslumatsins ræddar á fundi skólastjóra hvers skóla með kennurum og eru heildarniðurstöður birtar á heimasíðu skólans, 08/03/2012: <http://www.tskoli.is/taekniskolinn/gaedamal/>

Komi fram frávik eða ábendingar í ofangreindum könnunum eru þær settar í úrbótaferli samkvæmt rekstrarhandbók.

Skólinn geri auk þessa sjálfsmat og er sjálfsmatsskýrslan birt á heimasíðu skólans, 08/03/2012: <http://www.tskoli.is/taekniskolinn/skyrslur/>

4. Sérstök rekstrarverkefni

Skólavistun fyrir einstaklinga sem eru einhverfir og er þetta verkefni vistað hjá Fjölmenningskólanum.

TS er kjarnaskóli í skipstjórn og vélstjórn og hefur sinn því hlutverki um árabíl.

Meginverkefnin eru annars vegar samstarf og ráðgjöf til innlendra skóla og hins vegar samstarf við stjórnvöld um réttindamál og þróun náms.

Véltækniskólinn aðstoðar aðra framhaldsskóla sem kenna vélstjórn sérstaklega með tilliti til alþjóðakrafna sem að náminu lúta, boðar þá reglulega til funda þar sem fjallað er um námið í heild og hvernig staðið er að kennslu í einstökum greinum. Einnig eru menntunarkröfur og breytingar á samþykktum IMO kynntar, ásamt innleiðingum á breytingum á alþjóðlegum menntunarkröfum samkvæmt STCW. Skólinn býður kennurum og öðrum starfsmönnum skóla í heimsókn til að kynnst starfsemi og einnig hefur skólastjóri og kennarar farið í skólaheimsóknir til að fá yfirlit um starfið í öðrum skólum sem kenna véltæknigreinar. Skólar nýta aðstoðu og tækjabúnað véltækniskólans í Reykjavík og kenna kennarar véltækniskólans gjarnan ákveðna þætti bæði í Reykjavík og í skólunum í þeirra heimabyggð. Véltækniskólinn vinnur nú að gerð skólanámskrár og verður sú hugmyndavinna meginþema kjarnaskólafundar sem skólinn boðar til á vorönn 2013.

Skipstjórn er eingöngu kennd hjá skipstjórnarskólanum með reglubundnum hætti, en aðrir skólar og endurmenntunarstofnanir kenna skipstjórn óreglulega og veitir skipstjórnarskólinn þeim aðstoð.

A⁵ M B

Skólarnir starfa með Siglingastofnun að ýmsum faglegum þáttum sem lúta að IMO og er ráðgefandi varðandi menntunarstig og réttindaútgáfu stofnunarinnar.

Tækniskólinn útskrifar nemendur sameiginlega með nokkrum öðrum skólum og er það gert til staðfestingar á því að námið sé samkvæmt þeim reglum sem vottun Tækniskólans byggir á.

Skólarnir eru í samstarfi við fyrirtæki og einstaklinga um ýmsa þætti menntunarinnar svo sem rannsóknir og tilraunir til að prófa nýjar leiðir í nýtingu á orkugjöfum. Vélækni- og skipstjórnarskólarnir eru í góðum tengslum við skóla á Norðurlöndunum og hafa skólastjórar og kennarar farið í heimsóknir til Finnlands, Danmerkur og Noregs til að kynnast hvernig staðið er að menntun vélstjóra í þessum löndum.

Tækniskólinn hefur skyldur við fámennar iðngreinar í landinu og hefur rækt það hlutverk undanfarin ár.

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins hefur þá skyldu að halda uppi kennslu á fámennum námsbrautum. Miklar breytingar hafa orðið á vinnumarkaðnum og það endurspeglast í aðsókn í verk- og tæknináms. Þannig hafa greinar sem voru í ágætis jafnvægi orði að fámennum greinum. Árið 2012 veitti skólinn þjónustu við eftirtaldar fámennar iðngreinar: skósmíði, veggfóðrun og dúklagnir, bókbænd, prentun, húsgagnabólstrun, steinsmíði. Að auki hefur reglulega verið boðið upp á fagáfangar í iðnmeistaránámi í fámennum greinum. Þjónustan er veitt með ýmsum hætti en algengast er að skólinn semji við fyrirtæki í atvinnulífinu um að þjálfa nemendur í ákveðnum fagþáttum og skólinn greiði fyrir það.

5. Markmið og tímabundin verkefni

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár skulu sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

a. Markmið

Markmið TS eru leidd af áherslum í starfsemi skólans er hann rækir hlutverk sitt

b. Tímabundin verkefni

Tímabundin verkefni TS styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytisins eða fjárstyrks, skal ganga frá slíku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst.

6. Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur TS. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

Tækniskólinn

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.

- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykka áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávika og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið



- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

7. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. apríl 2013 til 31. desember 2018.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Staður og dagsetning

13
A⁷